

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/831**2019/EES/86/30**

frá 22. maí 2019

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (1), einkum 1. mgr. og fjórða undirgrein 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (2) er kveðið á um samræmda flokkun efna sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem hafa eiturrhrif á æxlun (CMR-efni) á grundvelli vísindalegs mats áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu. Efnin eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun í undirflokk 1A, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun í undirflokk 1B eða efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun í 2. undirflokk með hliðsjón af umfangi vísbindinga um eiginleika þeirra sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun (CMR-eiginleikar).
- 2) Í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er kveðið á um að bannað er að nota í snyrtivörur efni sem hafa verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun í undirflokk 1A, 1B eða 2. undirflokk skv. 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CMR-efni). Þó má nota efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun í snyrtivörur ef skilyrðin, sem mælt er fyrir í öðrum málslíð 1. mgr. 15. gr. eða í annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, eru uppfyllt. Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er komið í framkvæmd með þessari reglugerð. Eingöngu Dómstóll Evrópusambandsins hefur rétt til að túlka löggjöf Sambandsins, þ.m.t 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.
- 3) Til að koma í framkvæmd á samræmdan hátt á innri markaðnum banni við efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun, til að tryggja réttarvissu, einkum fyrir rekstraraðila og lögbær landsyfirvöld og til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna ætti að færa öll efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun á skrána yfir bönnuð efni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og þar sem við á, fella þau brott úr skránum yfir efni sem sæta takmörkunum og yfir leyfð efni í III. og V. viðauka við þá reglugerð. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í öðrum málslíð 1. mgr. 15. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, eru uppfyllt ætti að breyta skránum yfir efni sem sæta takmörkunum eða leyfð efni í III. og V. viðauka við þá reglugerð til samræmis við það.
- 4) Þessi reglugerð nær yfir þau efni sem hafa verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 frá og með 1. desember 2018 þegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 (3) öðlaðist gildi.
- 5) Að því er varðar tiltekin efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun, sem beiðni hefur verið lögð fram um undanþágu fyrir til notkunar í snyrtivörur, hefur ekki verið staðfest að öll skilyrðin, sem kveðið er á um í öðrum málslíð 1. mgr. 15. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, séu uppfyllt. Þetta varðar kvaterníum-15, klóróasetamíð, díklórómetan, formaldehýð, perbórsýru og natríumperbóratefnasambönd.
- 6) Efnið metenamín-3-klóróallýlklóríð, með heitið kvaterníum-15 í alþjóðlega nafnakerfinu fyrir innihaldsefni snyrtivara, er sem stendur skráð í 31. færslu í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem leyft í styrk sem nemur allt að 0,2% í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar. Kvaterníum-15 er blanda hlið- og sniðhverfna þar sem hliðhverfan var flokkuð sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun í 2. undirflokk með reglugerð

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 137, 23.5.2019, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjttíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 frá 4. maí 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (Stjttíð. ESB L 116, 5.5.2017, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 790/2009 ⁽¹⁾. Flokkunin tók gildi 1. desember 2010. Í samræmi við annan málslið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 má nota efni, sem er flokkað í 2. undirflokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um öryggi neytenda hefur metið efnið og úrskurðað að það sé öruggt til notkunar í snyrtivörur. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út vísindalegt álit um kvaterníum-15 (hliðhverfu) ⁽²⁾ 13. og 14. desember 2011 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna væri ekki hægt að staðfesta öryggi kvaterníum-15 til notkunar í snyrtivörur. Í ljósi flokkunar á hliðhverfunni sem er fyrir hendi í kvaterníum-15 sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki og álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að fella kvaterníum-15 brott úr skránni yfir rotvarnarefni sem eru leyfð í snyrtivörum í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta því á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við þá reglugerð.

- 7) Efnið 2-klóróasetamíð, með INCI-heitið klóróasetamíð, er sem stendur skráð í 41. færslu í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem leyft í styrk sem nemur allt að 0,3% í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar. Klóróasetamíð var flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Flokkunin tók gildi fyrir 1. desember 2010 en á þeim degi tóku II., III. og IV. bálkur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 gildi að því er varðar efni. Í samræmi við annan málslið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 má nota efni, sem er flokkað í 2. undirflokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um öryggi neytenda hefur metið efnið og úrskurðað að það sé öruggt til notkunar í snyrtivörur. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út vísindalegt álit um klóróasetamíð ⁽³⁾ 22. mars 2011 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, að efnið sé ekki öruggt fyrir neytendur þegar það er notað í styrk sem nemur allt að 0,3% massahlutfalli í snyrtivörur. Í ljósi flokkunar sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki og álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að fella klóróasetamíð brott úr skránni yfir rotvarnarefni sem eru leyfð í snyrtivörum í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta því á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við þá reglugerð.
- 8) Efnið díklórómetan er sem stendur skráð í 7. færslu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem leyft í snyrtivörum í styrk sem nemur allt að 35% í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar. Díklórómetan var flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Flokkunin tók gildi fyrir 1. desember 2010. Í samræmi við annan málslið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 má nota efni, sem er flokkað í 2. undirflokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um öryggi neytenda hefur metið efnið og úrskurðað að það sé öruggt til notkunar í snyrtivörur. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út vísindalegt álit um díklórómetan ⁽⁴⁾ 11. desember 2012. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út nýtt álit ⁽⁵⁾ 25. mars 2015 sem var endurskoðað 28. október 2015. Í þessu endurskoðaða álit komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu að notkun díklórómetans, í styrk sem nemur allt að 35%, í hárlökk og notkun þess í samsetningar til úðunar almennt teljist ekki örugg fyrir neytendur. Í ljósi flokkunar sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki og álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda og þar eð engin önnur notkun díklórómetans í snyrtivörur er þekkt og fellur undir álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að fella efnið brott úr skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta því á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við þá reglugerð.
- 9) Efnið formaldehýð er sem stendur skráð í 13. færslu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem leyft í vörum til naglaherðingar í styrk sem nemur allt að 5% í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar. Sem stendur er það einnig skráð í 5. færslu í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem leyft í vörum til munnhirðu í styrk sem nemur allt að 0,1% og í öðrum vörum í styrk sem nemur allt að 0,2%. Formaldehýð var flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2014 ⁽⁶⁾. Flokkunin tók gildi 1. janúar 2016. Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er í undantekningartilvikum heimilt að nota efni sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B í snyrtivörur, þó að þau hafi verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt, þ.m.t. þau skilyrði að engin heppileg staðgöngu efni standi til boða, að umsókn sé lögð fram um tiltekna notkun vöruflökks með þekkt váhrif og að vísindanefndin um öryggi neytenda hafi metið efnið og úrskurðað það öruggt. Vísindanefndin um

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 790/2009 frá 10. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtið. ESB L 235, 5.9.2009, bls. 1).

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1344/10, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_077.pdf.

⁽³⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1360/10, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_053.pdf.

⁽⁴⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1408/11, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_118.pdf

⁽⁵⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1547/15, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_170.pdf

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2014 frá 5. júní 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að innleiða hætusetningar og varnarsætningar á króatísku og til að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtið. ESB L 167, 6.6.2014, bls. 36).

öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í álitinu ⁽¹⁾ frá 7. nóvember 2014 að „vörur til naglaherðingar með óbundið formaldehýð í styrk sem nemur að hámarki u.þ.b. 2,2% er hægt að nota á öruggan hátt til að herða eða styrkja neglur“. Þó ætti að fella formaldehýð brott úr skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, þar eð ekki hefur verið staðfest að engin heppileg staðgönguefni til naglaherðingar standi til boða. Þar eð engin umsókn var lögð fram varðandi aðra notkun á formaldehýði ætti að fella efnið brott úr skránni yfir rotvarnarefni sem eru leyfð í snyrtivörum í V. viðauka við þá reglugerð. Einnig ætti að bæta formaldehýði á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

- 10) Perbórsýra og natríumperbóratefnasambönd falla undir efni sem losa vetnisperoxíð sem eru sem stendur skráð í 12. færslu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Þau voru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun í undirflokk 1B með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 790/2009. Flokkunin tók gildi fyrir 1. desember 2010. Beiðni um beitingu annarrar undirgreinar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 var lögð fram vegna notkunar á þessum efnum í oxandi samsetningar hárlitunarefna. Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í álitinu ⁽²⁾ frá 22. júní 2010 að „almennar takmarkanir sem gilda um efni sem losa vetnisperoxíð ættu að gilda um natríumperbórat og perbórsýru og notkun natríumperbórata sem innihaldsefni í oxandi samsetningar hárlitunarefna, með hámarksstyrk á höfði sem nemur 3%, skapar ekki áhættu fyrir heilbrigði neytenda“. Þó ætti að fella perbórsýru og natríumperbóratefnasambönd brott úr skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta þeim á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við þá reglugerð þar eð ekki hefur verið staðfest að engin heppileg staðgönguefni standi til boða til hárlitunar með oxun.
- 11) Að því er varðar tiltekin efni, sem voru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og sem beiðni hefur verið lögð fram fyrir um beitingu annars málsliðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, hefur verið staðfest að skilyrðið sem kveðið er á um í því ákvæði er uppfyllt. Þetta varðar trímetylbensóýldífenýlfosfínóxið, fúrfúral og pólýamínóprópýlbígúaníð.
- 12) Efnið dífenýl(2,4,6-trímetylbensóýl)fosfínóxið, með INCI-heitið trímetylbensóýldífenýlfosfínóxið (TPO), er sem stendur ekki á skrá í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Trímetylbensóýldífenýlfosfínóxið (TPO) var flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun í 2. undirflokk með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 618/2012 ⁽³⁾. Flokkunin tók gildi 1. desember 2013. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út vísindalegt álit ⁽⁴⁾ 27. mars 2014 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að trímetylbensóýldífenýlfosfínóxið (TPO) sé öruggt þegar það er notað sem naglamótandi vara í styrk sem nemur allt að 5,0% en þó sé það húðnæmir í meðallagi. Að teknu tilliti til húðnæmandi eiginleika trímetylbensóýldífenýlfosfínóxiðs (TPO) og mikillar áhættu á váhrifum gegnum snertingu við húð þegar neytendur nota naglavörur sjálfir ætti að takmarka notkun trímetylbensóýldífenýlfosfínóxiðs (TPO) eingöngu við fagfólk. Í ljósi þessara atriða ætti að bæta trímetylbensóýldífenýlfosfínóxiði (TPO) á skrána yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til notkunar í atvinnuskyni við gervineglur í hámarksstyrk sem nemur 5%.
- 13) Efnið 2-fúraldehýð, með INCI-heitið fúrfúral, er notað sem ilm- eða bragðinnihaldsefni í snyrtivörum og er sem stendur ekki á skrá í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Það var flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun í 2. undirflokk samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Flokkunin tók gildi fyrir 1. desember 2010. Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í álitinu ⁽⁵⁾ frá 27. mars 2012 að notkun fúrfúral í styrk sem nemur allt að 10 ppm (0,001%) í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar, þ.m.t. vörur til munnhirðu, hafi ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda. Í ljósi flokkunar á fúrfúrali sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun í 2. undirflokk og álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að bæta fúrfúrali á skrána yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 með hámarksstyrk sem nemur 0,001%.
- 14) Efnið pólýhexametylenbígúaníðhýdróklóríð (PHMB) með INCI-heitið pólýamínóprópýlbígúaníð, er sem stendur skráð sem rotvarnarefni í 28. færslu í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 með hámarksstyrk sem nemur 0,3%. Það var flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhrif á æxlun í undirflokk 2 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 ⁽⁶⁾. Flokkunin tók gildi 1. janúar 2015. Vísindanefndin um öryggi neytenda samþykkti álit ⁽⁷⁾ 18. júní 2014 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirleggjandi gagna sé pólýhexametylenbígúaníðhýdróklóríð (PHMB) ekki öruggt fyrir neytendur þegar það er notað sem rotvarnar

⁽¹⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1538/14, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_164.pdf

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1345/10, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_031.pdf

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 618/2012 frá 10. júlí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga reglugerðina að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtið. ESB L 179, 11.7.2012, bls. 3).

⁽⁴⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1528/14, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_149.pdf

⁽⁵⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1461/12, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_083.pdf

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 frá 2. október 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtið. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 5).

⁽⁷⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1535/14, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_157.pdf

efni í allar snyrtivörur í hámarksstyrk sem nemur 0,3%. Þó var einnig komist að þeirri niðurstöðu í álitni vísindanefndarinnar um öryggi neytenda að örugg notkun gæti grundvallast á lægri notkunarstyrk og/eða takmörkunum að því er varðar flokka snyrtivara og að þörf væri á rannsóknum á fleiri dæmigerðum samsetningum snyrtivara m.t.t. upptöku um húð. Vísindanefndin um öryggi neytenda samþykkti nýtt álit⁽¹⁾ 7. apríl 2017 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé notkun pólýhexametýlenbíguaníðhýdróklóríðs (PHMB), sem rotvarnarefni í allar snyrtivörur, örugg í styrk sem nemur allt að 0,1% en að ekki sé mælt með notkun þess í úðanlegum samsetningum. Í ljósi flokkunar á pólýhexametýlenbíguaníðhýdróklóríði (PHMB) sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun í undirflokki 2 og nýs álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að leyfa pólýhexametýlenbíguaníðhýdróklóríð (PHMB) sem rotvarnarefni í allar snyrtivörur, að undanskilinni notkun sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun, í hámarksstyrk sem nemur 0,1%. Breyta ætti skilyrðunum sem sett eru fram í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

- 15) Að því er varðar stóran hóp efna sem voru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 hefur ekki verið lögð fram beiðni um undanþágu til notkunar í snyrtivörur. Bæta ætti þessum efnum á skrána yfir bönnuð efni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og, ef við á, fella þau brott úr skránum yfir efni sem sæta takmörkunum eða leyfð efni í III. og V. viðauka við þá reglugerð. Þetta varðar m.a. nokkur bórefnasambönd sem eru sem stendur skráð í færslum 1a og 1b í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 16) Nokkur bórefnasambönd sem eru sem stendur skráð í færslum 1a og 1b í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og díbútylínvetnisbórat voru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun í undirflokki 1B með reglugerð (EB) nr. 790/2009. Flokkunin tók gildi fyrir 1. desember 2010. Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er í undantekningartilvikum heimilt að nota efni sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B í snyrtivörur, þó að þau hafi verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun, ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út álit⁽²⁾ 22. júní 2010 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að nokkur þeirra bórefnasambönda sem eru sem stendur skráð í færslum 1A og 1B í III. viðauka við þá reglugerð séu örugg til notkunar í snyrtivörur við tiltekin skilyrði. Þar eð engin umsókn var lögð fram um tiltekna notkun og þar eð ekki hefur verið staðfest að engin heppileg staðgönguefni standi til boða að því er varðar viðkomandi notkun sem er skráð í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 ætti þó að fella þessi bórefnasambönd brott úr skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við þá reglugerð og bæta þeim á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Að því er varðar díbútylínvetnisbórat var engin umsókn um tiltekna notkun lögð fram og vísindanefndin um öryggi neytenda hefur ekki úrskurðað að efnið sé öruggt. Því ætti að bæta þessu efni á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 17) Í 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er kveðið á um að ef hugsanleg áhætta steðjar að heilbrigði manna vegna notkunar efna í snyrtivörur, sem ráða þarf bót á á vettvangi Bandalagsins, sé framkvæmdastjórninni heimilt, að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda, að breyta II.–VI. viðauka við þá reglugerð til samræmis við það. Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við vísindanefndina um öryggi neytenda varðandi öryggi tiltekinna efna sem eru, frá efnafræðilegu sjónarmiði, lík efnum sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun í undirflokkum 1A eða 1B eða 2. undirflokki. Þetta varðar tiltekin bórefnasambönd sem og paraformaldehýð og metýlenglýkól.
- 18) Tiltekin bórefnasambönd sem eru sem stendur skráð í færslum 1a og 1b í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, önnur en þau sem um getur í 16. forsendu, hafa ekki verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun. Vísindanefndin um öryggi neytenda gaf út álit um bóröt, tetrabóröt og oktabóröt⁽³⁾ 12. desember 2013 þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að þessi efni, sem og önnur bórsýrusölt eða -esterar, s.s. MEA-bórat, MIPA-bórat, kalíumbórat, tríoktyldódekýlbórat og sinkbórat, myndi bórsýru í vatnslausnum og því ættu almennu takmarkanirnar sem gilda um bórsýru að gilda um allan hóp bórata, tetrabórata og oktabórata. Bórsýra var flokkuð sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun í undirflokki 1B með reglugerð (EB) nr. 790/2009. Flokkunin tók gildi fyrir 1. desember 2010. Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að fella allan hóp bórata, tetrabórata og oktabórata, að undanskildum efnum í hópnum sem hafa verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun, sem og önnur bórsýrusölt eða -esterar, brott úr skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta þeim á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við þá reglugerð.

(1) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1581/16, https://ec.europa.eu/health/sites/health/files/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_204.pdf

(2) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1249/09, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_027.pdf

(3) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1523/13, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_146.pdf

- 19) Efnið paraformaldehýð er sem stendur skráð í 5. færslu í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 en gagnstætt formaldehýði hefur það ekki verið flokkað sem efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrif á æxlun. Efnið metýlenglykól er sem stendur ekki á skrá í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 Vísindanefndin um öryggi neytenda samþykkti álit um metýlenglykól ⁽¹⁾ 26.–27. júní 2012 þar sem staðfest var að metýlenglykól geti breyst fljótt til baka við margs konar skilyrði og myndað formaldehýð í vatnslausnum og að paraformaldehýð geti klofnað við hitun eða þurrkun og myndað formaldehýð. Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda stöðjar hugsanleg áhætta að heilbrigði manna vegna notkunar á þessum efnum í snyrtivörur. Því ætti að fella paraformaldehýð brott úr skránni yfir rotvarnarefni sem eru leyfð í snyrtivörum í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta ætti paraformaldehýði og metýlenglykóli á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við þá reglugerð.
- 20) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1483/12, https://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/scsccs_o_097.pdf

VIÐAUKI

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslum er bætt við:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
„1385	Cis-1-(3-klóróallýl)-3,5,7-tríasa-1-asóníadamantanklórið (cis-CTAC)	51229-78-8	426-020-3
1386	Cis-1-(3-klóróallýl)-3,5,7-tríasa-1-asóníadamantanklórið (cis-CTAC), kvaterníum-15	51229-78-8	426-020-3
1387	2-klóróasetamíð	79-07-2	201-174-2
1388	Oktametýlsýklótetrasiloxan	556-67-2	209-136-7
1389	Díklórómetan, metýlenklórið	75-09-2	200-838-9
1390	2,2'-((3,3',5,5'-tetrametýl-(1,1'-bífenýl)-4,4'-díýl)-bis(oxýmetýlen))bisoxíran	85954-11-6	413-900-7
1391	Asetaldehýð, etanal	75-07-0	200-836-8
1392	1-sýklóprópýl-6,7-díflúoró-1,4-díhýdró-4-oxókinólín-3-karboxýlsýra	93107-30-3	413-760-7
1393	N-metýl-2-pýrrólídón, 1-metýl-2-pýrrólídón,	872-50-4	212-828-1
1394	Díborþríoxíð, bóroxíð	1303-86-2	215-125-8
1395	Bórsýra [1] Bórsýra [2]	10043-35-3 [1] 11113-50-1 [2]	233-139-2 [1] 234-343-4 [2]
1396	Bóröt, tetrabóröt, oktabóröt og bórsýrusölt og -esterar, þ.m.t.: Dínatríumoktabóratetrahydrat [1] 2-amínóetanól, einester með bórsýru [2] 2-hýdroxýprópýlammóníumtvívetnisortóbórat [3] Kalúmbórat, bórsýrukalíumsalt [4] Tríoktýldódekýlbórat [5]	 12280-03-4 [1] 10377-81-8 [2] 68003-13-4 [3] 12712-38-8 [4] [5]	 234-541-0 [1] 233-829-3 [2] 268-109-8 [3] 603-184-6 [4] — [5]

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
	Sinkbórat	1332-07-6 [6]	215-566-6 [6]
	Natríumbórat, vatnsfrítt dínatríumtetrabórat, bórsýra, natríumsalt [7]	1330-43-4 [7]	215-540-4 [7]
	Tetrabórdínatríumheptaoxíð, hýdrat [8]	12267-73-1 [8]	235-541-3 [8]
	Ortóbórsýra, natríumsalt [9]	13840-56-7 [9]	237-560-2 [9]
	Dínatríumtetrabóratdekahýdrat, bóraxdekahýdrat [10]	1303-96-4 [10]	215-540-4 [10]
	Dínatríumtetrabóratpentahýdrat, boraxpentahýdrat [11]	12179-04-3 [11]	215-540-4 [11]
1397	Natríumperbórat [1] Natríumperoxómetabórat, natríumperoxóbórat [2]	15120-21-5 [1] 7632-04-4 [2] 10332-33-9 [2] 10486-00-7[2]	239-172-9 [1] 231-556-4 [2]
1398	Perbórsýra (H3BO2(O2)), mónónatríumsalttríhýdrat [1] Perbórsýra, natríumsalt, tetrahýdrat [2] Perbórsýra (HBO(O2)), natríumsalt, tetrahýdratnatríumperoxóbórat hexahýdrat [3]	13517-20-9 [1] 37244-98-7 [2] 10486-00-7 [3]	239-172-9 [1] 234-390-0 [2] 231-556-4 [3]
1399	Perbórsýra, natríumsalt [1] Perbórsýra, natríumsalt, mónóhýdrat [2] Perbórsýra (HBO(O2)), natríumsalt, mónóhýdrat [3]	11138-47-9 [1] 12040-72-1 [2] 10332-33-9 [3]	234-390-0 [1] 234-390-0 [2] 231-556-4 [3]
1400	Díbutýlínvetnisbórat	75113-37-0	401-040-5
1401	Nikkelbis(tetraflúróbórat)	14708-14-6	238-753-4
1402	Mankóseb (ISO), manganetýlen(díþíókarbamat), (fjölliða) flóki með sinksalti	8018-01-7	616-995-5
1403	Maneb (ISO), manganetýlenbis(díþíókarbamat) (fjölliða)	12427-38-2	235-654-8
1404	Benfúrakarb (ISO), etýl- <i>N</i> -[2,3-díhýdró-2,2-dímetylbensófüran-7-ýloxýkarbónýl(metýl)amínóþíó]- <i>N</i> -ísóprópýl-β-alaníat	82560-54-1	617-356-3
1405	<i>O</i> -ísóbútýl- <i>N</i> -etoxýkarbónýlþíókarbamat	103122-66-3	434-350-4

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
1406	Klórprófam (ISO), ísóprópýl 3-klórókarbanílat	101-21-3	202-925-7
1407	<i>O</i> -hexýl- <i>N</i> -etoxýkarbónýlþíókarbamát	109202-58-6	432-750-3
1408	Hýdroxýlammóníumnítrat	13465-08-2	236-691-2
1409	(4-etoxýfenýl)(3-(4-flúoró-3-fenoxýfenýl)própýl)dímetylsílan	105024-66-6	405-020-7
1410	Foxím (ISO), α -(díetoxýfosfínþíóylimínó)fenýlasetónítríl	14816-18-3	238-887-3
1411	Glúfosínatammóníum (ISO), ammóníum 2-amínó-4-(hýdroxýmetýlfosfínýl)bútýrat	77182-82-2	278-636-5
1412	Hvarfmassi: dímetýl (2-(hýdroxýmetýlkarbamóýl)etýl)fosfónats, díetýl (2-(hýdroxýmetýlkarbamóýl)etýl)fosfónats, metýletýl (2-(hýdroxýmetýlkarbamóýl)etýl)fosfónats	—	435-960-3
1413	(4-fenýlbútýl)fosfínsýra	86552-32-1	420-450-5
1414	Hvarfmassi: 4,7-bis(merkaptómetýl)-3,6,9-tríþía-1,11-úndekandíþíóls, 4,8-bis(merkaptómetýl)-3,6,9-tríþía-1,11-úndekandíþíóls, 5,7-bis(merkaptómetýl)-3,6,9-tríþía-1,11-úndekandíþíóls	170016-25-8	427-050-1
1415	Kalífumtítanoxíð ($K_2Ti_6O_{13}$)	12056-51-8	432-240-0
1416	Kóbaldí(asetat)	71-48-7	200-755-8
1417	Kóbaldníturat	10141-05-6	233-402-1
1418	Kóbalkarbónat	513-79-1	208-169-4
1419	Nikkeldíklóríð	7718-54-9	231-743-0
1420	Nikkeldínítrat [1]	13138-45-9 [1]	236-068-5 [1]
	Saltpéturssýra, nikkelsalt [2]	14216-75-2 [2]	238-076-4 [2]
1421	Nikkelsteinn	69012-50-6	273-749-6
1422	Nikkelsúlfateðja, úr raflausnarhreinsun kopars, koparsneydd	92129-57-2	295-859-3
1423	Eðja úr raflausnarhreinsun kopars, koparsneydd	94551-87-8	305-433-1

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
1424	Nikkeldíperklórat, perklórsýra, nikkell(II)salt	13637-71-3	237-124-1
1425	Nikkeldíkalúmbis(súlfat) [1]	13842-46-1 [1]	237-563-9 [1]
	Díammóníumnikkelbis(súlfat) [2]	15699-18-0 [2]	239-793-2 [2]
1426	Nikkelbis(súlfamídat), nikkelsúlfamat	13770-89-3	237-396-1
1427	Nikkelbis(tetraflúoróbórat)	14708-14-6	238-753-4
1428	Nikkeldíformat [1]	3349-06-2 [1]	222-101-0 [1]
	Maurasýra, nikkelsalt [2]	15843-02-4 [2]	239-946-6 [2]
	Maurasýra, koparnikkelsalt [3]	68134-59-8 [3]	268-755-0 [3]
1429	Nikkeldí(asetat) [1]	373-02-4 [1]	206-761-7 [1]
	Nikkelasetat [2]	14998-37-9 [2]	239-086-1 [2]
1430	Nikkeldíbensóat	553-71-9	209-046-8
1431	Nikkelbis(4-sýklóhexýlbútýrat)	3906-55-6	223-463-2
1432	Nikkel(II)stearat, nikkell(II)oktadekanóat	2223-95-2	218-744-1
1433	Nikkeldíflaktat	16039-61-5	—
1434	Nikkel(II)oktanóat	4995-91-9	225-656-7
1435	Nikkeldíflúoríð [1]	10028-18-9 [1]	233-071-3 [1]
	Nikkeldíbrómíð [2]	13462-88-9 [2]	236-665-0 [2]
	Nikkeldíjóðíð [3]	13462-90-3 [3]	236-666-6 [3]
	Nikkelkalúmfúoríð [4]	11132-10-8 [4]	— [4]
1436	Nikkelhexaflúorósílikat	26043-11-8	247-430-7
1437	Nikkelselenat	15060-62-5	239-125-2

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
1438	Nikkelvetnisfosfat [1]	14332-34-4 [1]	238-278-2 [1]
	Nikkelbis(tvívetnisfosfat) [2]	18718-11-1 [2]	242-522-3 [2]
	Trínikkelbis(ortófosfat) [3]	10381-36-9 [3]	233-844-5 [3]
	Dínikkeldífosfat [4]	14448-18-1 [4]	238-426-6 [4]
	Nikkelbis(fosfínat) [5]	14507-36-9 [5]	238-511-8 [5]
	Nikkelfosfínat [6]	36026-88-7 [6]	252-840-4 [6]
	Fosfórsýra, kalsíumnikkelsalt [7]	17169-61-8 [7]	— [7]
	Dífosfórsýra, nikkel(II)salt [8]	19372-20-4 [8]	— [8]
1439	Díammóníumnikkelhexasýanferrat	74195-78-1	—
1440	Nikkeldísýaníð	557-19-7	209-160-8
1441	Nikkelkrómat	14721-18-7	238-766-5
1442	Nikkel(II)sílfkat [1]	21784-78-1 [1]	244-578-4 [1]
	Dínikkelortósílfkat [2]	13775-54-7 [2]	237-411-1 [2]
	Nikkelsílfkat (3:4) [3]	31748-25-1 [3]	250-788-7 [3]
	Kísilsýra, nikkelsalt [4]	37321-15-6 [4]	253-461-7 [4]
	Þrívetnishýdroxýbis[ortósílfkat(4-)]trínikkelat(3-) [5]	12519-85-6 [5]	235-688-3 [5]
1443	Dínikkelhexasýanferrat	14874-78-3	238-946-3
1444	Trínikkelbis(arsenat), nikkel(II)arsenat	13477-70-8	236-771-7
1445	Nikkeloalat [1]	547-67-1 [1]	208-933-7 [1]
	Oxalsýra, nikkelsalt [2]	20543-06-0 [2]	243-867-2 [2]
1446	Nikkeltellúríð	12142-88-0	235-260-6
1447	Trínikkeltetrasúlfið	12137-12-1	—

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
1448	Trínikkelbis(arsenít)	74646-29-0	—
1449	Kóbaltnikkelgrátt períklas, C.I. Pigment Black 25, C.I. 77332 [1] Kóbaltnikkeldíoxíð [2] Kóbaltnikkeloxíð [3]	68186-89-0 [1] 58591-45-0 [2] 12737-30-3 [3]	269-051-6 [1] 261-346-8 [2] 620-395-9 [3]
1450	Nikkeltinþríoxíð, nikkeltannat	12035-38-0	234-824-9
1451	Nikkeltríúrandekaoxíð	15780-33-3	239-876-6
1452	Nikkeldíþíósýanat	13689-92-4	237-205-1
1453	Nikkeldíkrómat	15586-38-6	239-646-5
1454	Nikkel(II)selenít	10101-96-9	233-263-7
1455	Nikkelseleníð	1314-05-2	215-216-2
1456	Kísilsýra, blýnikkelsalt	68130-19-8	—
1457	Nikkeldíarseníð [1] Nikkelarseníð [2]	12068-61-0 [1] 27016-75-7 [2]	235-103-1 [1] 248-169-1 [2]
1458	Nikkelbarúmtítanprimróspríderít, C.I. Pigment Yellow 157, C.I. 77900	68610-24-2	271-853-6
1459	Nikkeldíklórat [1] Nikkeldíbrómat [2] Etýlvetnissúlfat, nikkeltannat [3]	67952-43-6 [1] 14550-87-9 [2] 71720-48-4 [3]	267-897-0 [1] 238-596-1 [2] 275-897-7 [3]
1460	Nikkel(II)tríflúorasetat [1] Nikkel(II)própiónat [2] Nikkelbis(bensensúlfónat) [3] Nikkel(II)vetnissítrat [4] Sítrónusýra, ammóníumnikkelsalt [5]	16083-14-0 [1] 3349-08-4 [2] 39819-65-3 [3] 18721-51-2 [4] 18283-82-4 [5]	240-235-8 [1] 222-102-6 [2] 254-642-3 [3] 242-533-3 [4] 242-161-1 [5]

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
	Sítrónusýra, nikkelsalt [6]	22605-92-1 [6]	245-119-0 [6]
	Nikkelbis(2-etylhexanoát) [7]	4454-16-4 [7]	224-699-9 [7]
	2-etylhexansýra, nikkelsalt [8]	7580-31-6 [8]	231-480-1 [8]
	Dímetylhexansýra, nikkelsalt [9]	93983-68-7 [9]	301-323-2 [9]
	Nikkel(II)ísóoktanóat [10]	29317-63-3 [10]	249-555-2 [10]
	Nikkelísóoktanóat [11]	27637-46-3 [11]	248-585-3 [11]
	Nikkelbis(ísónónanóat) [12]	84852-37-9 [12]	284-349-6 [12]
	Nikkel(II)neónónanóat [13]	93920-10-6 [13]	300-094-6 [13]
	Nikkel(II)ísódekanóat [14]	85508-43-6 [14]	287-468-1 [14]
	Nikkel(II)neódekanóat [15]	85508-44-7 [15]	287-469-7 [15]
	Neódekansýra, nikkelsalt [16]	51818-56-5 [16]	257-447-1 [16]
